

**Nd.**

**230. Framvarp**

til laga um skattfrelsi fyrir h/f. Eimskipafjelag Íslands.

Flutningsmenn: Björn Líndal, Sigurjón Jónsson, Jörundur Brynjólfsson,  
Bernharð Stefánsson, Benedikt Sveinsson, Tryggvi Þórhallsson, Jón A. Jónsson,  
Ásgeir Ásgeirsson og Árni Jónsson.

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f. skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti  
og sveitarútsvari árin 1924 til 1928, að háðum meðtöldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Það þykir nauðsyn að veita Eimskipafjelaginu ívilnun þessa, vegna erfið-  
leika þeirra um greiðslur á erlendum lánum fjelagsins, sem gengislækkun hins  
íslenska gjaldeyris bakar fjelaginu, og vegna þeirrar óhægu aðstöðu, sem fjelagið  
hefir í samkeppni við þau hin erlendu fjelög, sem geta látið sjer nægja að sigla á  
arðvænlegustu viðkomustaðina einungis.